



Matvælaráðuneytið
Skrifstofa sjávarútvegs
Skúlagötu 4, 101 Reykjavík

Stykkishólmi 17. maí 2022

Efni: Umsögn varðandi umsókn Asco Harvester ehf. um leyfi til rannsókna og nytja á þara.

Breiðafjarðarnefnd fékk senda til umsagnar umsókn frá Asco Harvester ehf. um leyfi til rannsókna og nytja á stórpara (*Laminaria hyperborea*) og hrossaþara (*Laminaria digitata*) við sunnanverðan Breiðafjörð.

Nefndin vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Verndarsvæði Breiðafjarðar er verndað samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Það er túlkun flestra að lög um vernd Breiðafjarðar nái ekki til vatnsbolsins eða hafsbotsins neðan stórstraumsfjöruborðs í Breiðafirði. Breiðafjarðarnefnd hefur á síðustu árum lagt fram tillögur um að lögum um vernd Breiðafjarðar verði breytt svo þau kveði skýrt á um mörk verndarsvæðisins til lands og sjávar; hversu langt verndarsvæðið nær upp á land og hvort hafsvæðið innan verndarsvæðisins; þ.m.t. sjórinn sjálfur og hafsbótinn, sé hluti þess. Stjórnun verndarsvæðisins yrði mun markvissari og árangursríkari ef hafsbotn, vatnsbolur, fjörur, eyjar, hólmar og sker nytu verndar enda um að ræða órjúfanlega vistfræðilega heild.

Breiðafjarðarnefnd tekur undir með Asco Harvester um að mikilvægt sé að rannsaka útbreiðslu þara á sunnanverðum Breiðafirði betur. Breiðafjarðarnefnd telur reyndar nauðsynlegt að rannsaka útbreiðslu og magn þara í Breiðafirði öllum, auk áhrifa þaratöku á lífríkið í heild sinni. Þari er lykillífvera sem veitir mikla vistkerfisþjónustu. Þarategundir mynda neðansjávarskóga og hýsa fjölbreytt samfélög nytjategunda og annarra lífvera sjófugla, sela, fiska, hryggleysingja og þörunga, auk þess að skila miklu magni af lífrænum efnum inn í vistkerfi strandsvæða. Nefndin telur að núverandi staða þekkingar bjóði ekki upp á að meta hvort þaranýting upp að 10.000 tonn á ári geti talist sjálfbær. Er þá átt við eiginlega merkingu orðsins sjálfbærni, þ.e. þegar tekið er tillit til áhrifa á þarann sjálfan og lífríkið í heild, því auk þess að vera mikilvirkur frumframleiðandi í vistkerfi Breiðafjarðar er þarinn fæða og sömuleiðis búsvæði fyrir fjölda lífvera.

Það er mikilvægt að líta á vistkerfi þaraskóga í ljósi þeirra öflunaraðferðar sem Asco Harvester hyggst nota. Við notkun á þaraslæðu er þarinn tekinn af hafsbotni með öllu því sem í henni festist þ.m.t. festu þarans við sjávarbotninn, nytjategundir og aðrar lífverur. Þá getur aðferðin raskað grunnsævi án þess að vitað sé hvaða langtíma afleiðingar geti orðið af því á lífríkið.



BREIÐAFJARÐARNEFND

Ein af helstu mögulegu ógnum fyrir verndarsvæði Breiðafjarðar er ofnýting náttúruauðlinda. Eins og kemur fram í verndaráætlun fyrir Breiðafjörð „getur [ofnýting] haft ófyrirsjáanleg áhrif á lífríki og heil vistkerfi. Tryggja þarf að öll hefðbundin auðlindanýting/atvinnustarfsemi innan verndarsvæðisins byggji á sjálfbærri nýtingu”¹. Hingað til hafa ekki verið gerðar rannsóknir á þaraskógum á Íslandi til að kanna langtímaáhrif nýtingar þeirra. Hafrannsóknastofnun vinnur að mati á heildarlífmagni og útbreiðslu þara í Breiðafirði en niðurstaðna þeirrar rannsóknar er beðið. Árið 2017 birti stofnunin skýrslu um útbreiðslu og lífmagn klóþangs (*Ascophyllum nodosum*) í Breiðafirði².

Það þarf að líta á vistkerfið í heild sinni þegar talað er um sjálfbæra nýtingu á þara. Nýting getur ekki talist sjálfbær nema allir stofnar lífvera, þ.e. bæði fyrirhuguð nytjategund og tegundir lífvera sem nærast á henni eða lifa í skjóli hennar (s.s. aðrir þörungar, krabbadýr, skeldýr, ígulker, fiskar, fuglar og spendýr) verði ekki fyrir neikvæðum langtímaáhrifum af nýtingunni. Þaraskógar framleiða gríðarmikið magn lífrænna efna Frumframleiðslan getur verið gríðarlega mikil í Norður-Atlantshafi eða um 2.000 g kolefnis/m².³ Þaraskógar eru því á meðal þeirra búsvæða sem hafa mesta frumframleiðslu á hvern fermetra - svipaða og frumskóga hitabeltisins - og skiptir þess vegna miklu máli fyrir dýralíf strandsvæða. Þaraskógar binda að auki mikið kolefni og skipta þannig máli fyrir loftslagsmarkmið stjórnvalda, sem hafa sett sér markmið um minnkaða losun gróðurhúsalofttegunda.

Umsókn Asco Harvester tilgreinir ekki rannsóknaráætlun sem sýnir hvernig fyrirtækið mun vinna að öflun grunnupplýsingar um þaraskóga við sunnanverðan Breiðafjörð. Til viðbótar kemur hvergi fram vöktunar- og viðbragðsáætlun fyrir svæðin sem fyrirtækið mun nýta til öflunar. Til að tryggja sjálfbæra nýtingu er mikilvægt að vöktunar- og viðbragðsáætlun nýtingasvæða fylgi öfluninni.

Þá er rétt að benda á í umræðu um nýtingu þara á Breiðafirði að oftast er miðað við fjarlægðarreglu netlaga þegar talað er um öflun utan netlaga. Netlög landeigenda geta miðast við dýptareglu skv. eldri lögum en ekki eingöngu fjarlægðarreglu.

Breiðafjarðarnefnd undirstrikar að lokum að í ljósi framangreinds er gríðarlega mikilvægt að efla rannsóknir á lífríki íslenskra þaraskóga áður en leyfi verða veitt fyrir frekari nýtingu þara í Breiðafirði. Ekki er skýrt hvernig umrætt verkefni, verði umsóknin samþykkt, á að stuðla að auknum þararannsóknnum en nefndin leggur áherslu á að rannsóknahlutinn verði unninn í náinni samvinnu við Hafrannsóknastofnun og nýtist til að auka þekkingu á því mikilvæga búsvæði sem þaraskógar eru.

¹ Breiðafjarðarnefnd. (2014). Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014- 2019. http://nytt.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2016/11/vernd_2019.pdf, bls. 14.

² Hafrannsóknastofnun. (2017). Klóþang í Breiðafirði, útbreiðsla og magn. https://www.althingi.is/pdf/erindi_mals/?lthing=146&malnr=272. (Sótt 11. maí 2022).

³ Castro, P. og Huber, M. (2015). *Marine Biology*. (10. Útg). New York: McGraw-Hill.



BREIÐAFJARÐARNEFND

Virðingarfyllst,

Fh. Breiðafjarðarnefndar

Erla Friðriksdóttir,
formaður Breiðafjarðarnefndar